

Þriðjudaginn 21. janúar 1992.

Nr. 479/1991. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)  
gegn

**Jónasi Jónassyni**

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Nauðgun. Miskabætur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Ríkissaksóknari hefur með stefnu 25. nóvember 1991 skotið máli þessu til Hæstaréttar að ósk ákærða, en einnig af hálfu ákærvaldsins til þyngingar á refsingu.

#### I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt vottorð Trausta Valssonar sálfræðings, dagsett 15. janúar 1992. Þar segir, að X sé nú til meðferðar hjá honum vegna þeirra atburða, sem um getur í málinu. Síðan segir: „Hins vegar á X mjög erfitt með að ræða um nauðgunina, og svo getur hæglega farið, að stúlkan treysti sér einfaldlega ekki til að takast á við það sársaukafulla mál að svo stöddu. Því til stuðnings bendi ég á, að X byrjaði í meðferð hjá geðlækni, en hætti strax.

Á þessu stigi vil ég ekki kveða upp úr um afleiðingar nauðgunarinnar á andlega heilsu X, en þó leyfi ég mér að fullyrða, að þær séu afar miklar. Nauðgunin situr í stúlkunni og speglar daglegt líf hennar, hefur áhrif á líðan hennar og samskipti við aðra. Á því þarf að taka í meðferð.“

#### II.

Málsatvik eru nægjanlega rakin í hinum áfrýjaða dómi. Fallast má á það með héraðsdómara, að framburður móður ákærða hafi lítið vægi í málinu. Sama gildir um framburð gests hennar, eins og honum er háttað. Þau eru þó til vitnis um, að átök urðu milli ákærða og X. Byggja verður því niðurstöðu málsins á öðrum gögnum þess.

Ákærði hefur frá upphafi neitað sakargiftum. Frásögn hans, sem í fyrstu var í verulegum atriðum í samræmi við framburð X, breyttist nokkuð við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu, þegar tæpir níu mánuðir voru liðnir frá atburðum, og síðan enn á ný fyrir dómi rúmum mánuði þaðan í frá. Heldur hann því nú fram, að hann hafi lent í átökum við stúlkuna, eftir að hann hafi haft samfarir við hana með hennar vilja. Hann hefur ekki getað fært fram sennilegar ástæður fyrir því, að hann bar öðruvísi í upphafi. Framburður X hefur aftur á móti alltaf verið hinn sami í öllum verulegum atriðum. Fær sú frásögn stuðning af rannsókn á vettvangi, rannsókn á fatnaði og líkama stúlkunnar og framburði þeirra, sem hittu hana strax eftir atburði. Þá styrkist frásögn hennar af fyrri framburði ákærða hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins og að nokkru af síðari framburði hans þar. Telja verður því, að sönnun sé komin fram fyrir sakargiftum á hendur ákærða, eins og þeim er lýst í ákæru. Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm um sakfellingu ákærða og færslu brots hans til refsíákvæðis. Þegar litið er til málavaxta, sérstaklega ungs aldurs X og aðstæðna allra, þykir verða að þyngja refsingu ákærða, og er hún hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár og þrjá mánuði. Þegar þessi sömu atriði eru virt og höfð hliðsjón af framlögðu vottorði um sálfræðilega meðferð X vegna afleiðinga árásar ákærða, þykir mega staðfesta ákvæði hins áfrýjaða dóms um miskabætur.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um sakarkostnað á að vera óraskað.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað málsins, svo sem í dómsorði greinir.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Jónas Jónasson, sæti fangelsi í tvö ár og þrjá mánuði.

Ákærði greiði X 500.000 krónur í miskabætur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987, sbr. lög nr. 67/1989, frá 29. desember 1990 til greiðsludags.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 50.000 krónur, og málsvarnarlaun

skipaðs verjanda síns fyrir Hæstarétti, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, 50.000 krónur.

### Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. nóvember 1991.

Ár 1991, mánudaginn 18. nóvember, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Péttri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 604/1991: Ákærvaldið gegn Jónasi Jónassyni, sem dómtekið var 14. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 18. október 1991, á hendur ákærða, „Jónasi Jónassyni, Unufelli 36, Reykjavík, kennitala 041064-5289, fyrir nauðgun með því að hafa aðfaranótt 29. desember 1990 á heimili sínu, eftir að stúlkan X, 16 ára, hafði neitað að hafa við hann samfarir og flúið út úr húsinu, elt hana uppi á nærbuxum einum fata og ráðist á hana spölkorn frá húsinu og misþyrmt henni, m.a. slegið hana hnefahögg í andlitið, hárreytt hana og dregið hana inn í húsið og þar haldið áfram að þjarma að henni og varna henni brottfarar og loks með líkamlegu ofbeldi og ógnandi framkomu þröngvað henni til holdlegs samræðis.

Telst þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar, til greiðslu alls sakarkostnaðar og til greiðslu skaðabóta, verði þeirra krafist”.

#### *Málavextir.*

Laugardaginn 29. desember 1990 var hringt til lögreglu úr Völvufelli 14 vegna stúlku, sem þar væri og vildi kæra nauðgun. Lögreglumenn fóru á staðinn og hittu þar fyrir X, til heimilis að [...]. Sagði hún, að maður að nafni Jónas hefði nauðgað sér í Unufelli 36. Að sögn Sveins Erlendssonar lögregluþjóns var hún nokkuð ölvuð. Þar sem áverkar voru á henni, var hún flutt á slysadeild. Lögreglumennirnir fóru í Unufell 36, og mátti þá að sögn Sveins sjá blóðbletti þar fyrir utan. Hefði ákærði lokið upp fyrir þeim. Innan dyra hefði mátt sjá greinileg merki um átök. Blóðslóð hefði legið frá útidryum að herbergisdryum ákærða. Þar inni hefði allt verið „á öðrum endanum” og stór blóðpollur á gólfi. Þar hefði og legið brotin ölkrús úr gleri. Þegar lögreglumennirnir voru á förum úr íbúðinni, hefði maður komið út úr hjónaherberginu, og hefði hann aðspurður sagt, að hann hefði einskis orðið var um nóttina. Þegar á lögreglustöðina kom, hefði ákærði kannast við að hafa átt mök við stúlkuna, og hefði það verið með fullum vilja hennar.

Rannsóknarlögreglu ríkisins var gert viðvart um mál þetta um nóttina, og fór Sigurður Benjamínsson rannsóknarlögreglumaður á slysadeild

Borgarspítalans og hitti þar fyrir stúlkuna og foreldra hennar. Stúlkun sagðist hafa orðið fyrir nauðgun og var að hans sögn í mikilli geðshræringu, og var skýrslutöku því frestað. Stúlkun kvaðst annars hafa verið lítið ölvuð, eftir að hafa drukkið tvö glös af áfengisblöndu og einn bjór.

Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar kl. 6 um morguninn, og reyndust í því 1,18% af alkóhóli.

Í málinu er vottorð Brynjólfs Mogensens, yfirlæknis á slysadeild Borgarspítalans. Samkvæmt því var komið með X þangað kl. 3:58 um nóttina. Þá segir þar: „X kvartaði um óþægindi í höfði, hæ. hendi og vi. fæti. X var greinilega mjög miður sín, grætur í viðtali og skoðun. Ekki er að finna teikn um heila- eða taugáverka, en kúla á hnakkasvæði. Nef er bólgið, og blæðir aðeins úr vi. nös. Hrufl á baugfingri og litlafingri hæ. handar. Litlifingur bólginn og marinn og grunur um beináverka. Sár á tá nr. III á vi. fæti og tain mjög bólginn og aum. Einnig sár á tá nr. II hæ. megin.

Sár þvegin, og þurfti að sauma sár á tá nr. III á vi. fæti. Rtg-myndir að morgni af nefi og hæ hendi leiddu ekki í ljós neina beináverka. Að morgni var sjúklingur kominn með verk í bak, meira vi. megin, sem leiddi niður. Dálítil þreifieymsli í mjóbacki, mest yfir vöðvum vi. megin. Hreyfiferill mjaðma í góðu lagi. Æða- og taugastarfsemi fóta eðlileg. Vegna bakáverkans var þvag skoðað fyrir blóði, og virtist þvagsýni eðlilegt. Að auki var höfuðhár laust að hluta og virtist geta samræmst því, að togað hefði verið í hárið.

Kvensjúkdómalæknir var fenginn þá um nóttina til að meta ytri sem innri áverka á kynfærum.”

Í vottorði Arnar Haukssonar, dr.med., kvensjúkdómalæknis segir svo m.a.:

„Skoðun: Gerð laugardagsmorguninn 29.12. kl. 5.30, ca. 3 klst. eftir verknað. X er greinilega í geysilegri spennu, sennilega eitthvað undir áhrifum áfengis, en ætla má, að skelfing þeirra atburða, sem átt hafa sér stað, sé meginorsök skelfingar hennar. Hún rekur greiðlega atburði fram til nauðgunarinnar, en hleypur þá hratt yfir, og er ekki reynt að fara nákvæmlega í söguþráð, þar sem sýnt er, að það verði henni um megn. Horfir allan tímann stjörf út undan sér, en gjóar öðru hverju hálftryllingslegu augnaráði í kringum sig og að spyrli. Móðir hennar situr afsíðis, þögul. Er þó samvinnuþýð í alla staði og gerir sér grein fyrir nauðsyn þess, að hún sé í þesari skoðun. Spyr, hvort ekki sé hægt að flýta þessu, svo að hún komist sem fyrst heim, og er það reynt. Hefur áhyggjur af því, hvað unnusti hennar muni segja.

Almenn skoðun: Þrútin í andliti. Tvær skrámur ca. 8 cm langar þvert á hægri kinn. Blóð í vi. nös og þroti neðan nefs, á efri vör. Skráma innan á efri vör og sprunga og mar og bólga innan á neðri vör. Byrjandi bólga

á nefhrygg, en virðist óbrotið, engin bólga um augu. Á hvirfli er stærðarkúla, stokkbólgin, ca. 3 x 3 cm blóðmar, helaumt, og annað aftan á hnakka, stærra, 4 x 3 cm. Hreyfingar augna og andlitsvöðva eru eðlilegar. Marblettur, 1 x 1 cm, ferskur, rétt neðan hæ. olnboga og þroti um hæ. úlnlið. Litlifingur og baugfingur eru plástraðir saman frá slysavarðstofu. Mun hafa skorist á þeim. Tvær langar samhliða rispur og mar á löngutöng endilangri. Verulegt mar og bólga framanvert á vi. framhandlegg á tveimur löngum, breiðum svæðum, ca. 4 x 8 cm, og þroti og för eftir þéttingsfast handtak yfir peysuermi um vi. úlnlið. Hrúfl neðan vi. herðablaðs, ca. 4 x 5 cm. Hvellaum yfir lófastórum bletti þar undir, án þess að þar sjáist marblettur. Blóðhlaupið, upplýft mar, ca. 3 x 5 cm, framan á hæ. legg miðjum. Plástruð á „vísitá“ hæ. fótar, og „löngutá“ vi. fótar frá slysavarðstofu. Rispa, hrúfl, aftan á vi. hæl, og stjörnulaga skurðsár, opið, ca. 1½ cm í þvermál, aftan á hæ. læri ofanvert. Tveir opnir skurðir aftan á rasskinnum, alveg við mót læris og rass, bogadregnir, ca. 3 cm hæ. megin og annað 2 cm minna, opið, á sama stað vi. megin. X kvartar um verulegan sársauka yfir tám (gengur hölt), kúlunum á höfði, nefi og áðurnefndu svæði aftan á baki.

Kvensjúkdómaskoðun: Eðlilegir barmar. Roði í leggangaopi, en engir áverkar. Aum við innsetningu skoðunaráhalds. Í leggöngum ríkulegt a.þ.v. sæðisblandað slím. Tekin eru sýni í smásjárleit að sæðisfrumum.

Smásjárskoðun: Ríkulegt magn heilla sæðisfrumna finnst í öllum skoðuðum glerjunum (sic)."

Í skýrslu Kristjáns Friðþjófssonar rannsóknarlögreglumanns um skoðun á fatnaði X segir, að greinst hafi sæði í klofbót á nærbuxum. Lykkjuföll og göt hafi verið á báðum skálmum og sitjanda á sokkabuxum. Þá hafi blóðblettir verið víða í kjól hennar og saumsprettur undir báðum handarkrikum. Loks kemur fram, að jakki stúlkunnar hafi verið allur útataður í hári og 33ja cm saumspretta upp síðuna og upp handarkrika og áfram 13 cm út ermina vinstra megin.

Rannsóknarlögreglumennirnir Sigurður og Kristján hófu vettvangsathugun í Unufelli 36 kl. 10.10. Skýrsla Sigurðar um athugunina er svoljóðandi:

„Móðir ákærða, Elín Áróra Jónsdóttir, var heima ásamt sambýlismanni sínum, og vísaði hún okkur á herbergi sonar síns. Er herbergið næst innangi í húsið, og snúa gluggar til norðurs.

Við hlið herbergisins til austurs er eldhús, og eru stofa og borðstofa, opin, framan við áðurnefnd herbergi, og í suðurhluta eru tvö herbergi, m.a. hjónaherbergi, og síðan í vesturenda miðsvæðis er baðherbergi.

Herbergi kærða var læst, og höfðu lögreglumenn, sem handtóku kærða, gert það í nótt að beiðni undirritaðs.

Á gólfi herbergisins, úti í horni við hlið dyranna, var mikið af glerbrotum, og við skoðun mátti sjá, að þetta voru brot úr bjórkönnu, og var botnstykki könnunnar undir rúmi í herberginu. Einnig var í horninu við dyrnar brotinn myndarammi, en glerið heilt, og ljósmynd lá á gólfinu. Móðir kærða var spurð, hvort hún kannaðist við, að myndin hefði verið í þessum ramma, sem var allmiklu stærri en myndin, og kannaðist hún ekki við það, en sagði myndina vera af sér og eiginmanni sínum fyrrverandi, sem væri látinn.

Á rúminu var sæng, tveir koddar og rúmabreiða, en lakið var ekki á rúmdýnnunni, heldur lá á gólfinu undir rúminu upp við vegg. Á rúmdýnnunni mátti sjá blóðdropa svo og á gólfi framan við rúmið, og eins var blóðkám á vegg við hlið herbergisdyranna, bæði að innan og eins var blóðkám á vegg við hlið herbergisdyranna, bæði að innan og eins að utan beggja vegna dyranna á veggnum, sem snýr að stofunni.

Framan við herbergisdyrnar er gólfmotta, og beggja vegna við hana mátti sjá blóðdropa svo og blóðdropa í forstofugangi og á stofugólfi að baðherbergi. Eins voru blóðdropar á baðherbergisgólfi og örlítið blóðkám á vöskum í baðherbergi.

Við skoðun á rúmabreiðunni, sem áður er nefnd, mátti greina blett, og við prófun, sem Kristján Friðþjófsson framkvæmdi með phosphatesmo-KM-sædisprófun, gaf bletturinn jákvæða svörun. Rúmabreiðan var tekin til frekari skoðunar.“

Ljósmyndir voru teknar af fatnaðinum og vettvangi og enn fremur gerður uppráttur af vettvangi.

X hefur skýrt svo frá, að hún hafi kynnst ákærða á veitingastaðnum Gauki á Stöng. Hafi ákærði farið að stíga í vænginn við sig. Þau hafi farið í leigubíl og ætlað á annan veitingastað, en fyrst hafi þau komið við heima hjá ákærða, þar sem hann hafi ætlað að ná þar í peninga og bjór. Er þangað kom, hafi hún viljað bíða í bílnum á meðan, en ákærði talið hana á að koma með sér inn og borgað bílinn. Þegar inn kom, hafi setið þar við sjónvarp maður og kona, sem hún áleit vera foreldra ákærða. Hafi hún kynnt sig fyrir þeim og þegið björglas með þeim. Ákærði hafi svo viljað fá hana á tal við sig inn í herbergi sitt, og hafi hún tekið með sér björglasið. Hafi ákærði viljað slökkva öll ljós nema eitt, en hún ekki viljað það og hann látið undan. Ákærði hafi farið að tala um, að faðir sinn væri dáinn og vinkona sín hefði dáíð fyrir fimm mánuðum. Hefði hann ekki verið með kvenmann í þann tíma. Kveðst hún hafa vottað ákærða samúð sína, en sagt, að hún væri með pilti og hún vildi ekki vera með ákærða. Hafi ákærði togað hana til sín úr stól, sem hún sat á, og hafi hún sest á rúmið hjá honum. Hafi hann verið kominn úr öllu nema nærbuxunum. Hafi hann stungið peningum í jakkavasa hennar og beðið hana að hjálpa sér, en hún svarað: „Nei, ég vil það ekki á þann hátt, sem þú vilt,“

en hann þá sagt: „Víst viltu það.“ Hafi hann boðið sér allt að 20.000 krónur fyrir að hafa við sig samfarir.

Kveðst hún síðan hafa sagt við hann, að hún þyrfti að fara aðeins á salernið, en hann þá talað um, að henni fyndist hann alveg vonlaus, ljótur og ómögulegur, en hún sagt, að hann væri bara drukinn og þyrfti að sofa. Hún hafi svo hlaupið fram og út og komist að horninu á bílskúrunum, sem eru rétt hjá húsinu, en þar hafi ákærði náð sér og dregið sig á hárinu inn í húsið og slegið sig með hnefanum í andlitið og víðar um líkamann og hrint sér utan í vegginn og sparkað í sig. Hafi hún fengið blóðnasir. Kveðst hún hafa öskrað upp til að reyna að vekja á sér athygli og leita hjálpar, og þegar þau hafi verið komin inn í forstofuna eða ganginn, hafi foreldrar Jónasar komið og reynt að halda aftur af honum og ná sér frá honum, og hafi hún losnað og gripið utan um móður hans og beðið um hjálp. Kveðst hún hafa dregið föður hans inn í eldhús og beðið hann að hjálpa sér og hann sagst ætla að gera það, en farið með sig fram á gang og sagt þeim að sættast. Hafi móðir Jónasar sagt sér að fara inn á salerni og þurrka framan úr sér blóðið, þar sem hún hafi verið alblóðug í andliti og einnig á höndum, og hafi hún gert það. Hafi ákærði hótáð að lumbra á móður sinni. Jónas hafi borið það á sig í viðurvist foreldranna, að hún hefði stolið frá sér peningum, farið í vasa sinn og hent peningunum á skrifborðið í herbergi sínu.

Þegar Jónas hafi verið að reyna að draga sig inn í herbergi sitt, hafi hún gripið í bjórkönnu og slegið hann tvisvar í höfuðið vinstra megin. Hafi ákærði annaðhvort náð könnunni af sér eða hún lent í gólfinu, eftir að hún sló hann, en kannan hafi brotnað á gólfinu. Stúlkan kveður foreldra Jónasar hafa lagt að sér að sættast við Jónas, og hafi hún þá farið inn í herbergi hans til að reyna að róa hann, þar sem hún vildi ekki verða fyrir frekari meiðslum. Hafi hún svarað öllu játandi, sem Jónas sagði við hana eftir þetta, og hafi hann talað um, að hún væri ekki heil á geðsmunum og hefði stolið af sér peningum, en þeir hefðu verið horfnir af borðinu, þar sem hún hafði látið þá. Kveðst hún ekki vita, hvað orðið hafi um þessa peninga, en ákærði hafi sagt, að þetta hefðu verið 5.000 krónur. Áður hafi hún fengið að sækja handtösku sína, sem hún hefði misst úti, þegar hún reyndi að flýja. Ákærði hafi þá fylgt sér út fyrir á nærbuxunum. Hún hafi aldrei þorað að flýja af ótta við, að hann næði sér og berði sig aftur. Þegar hún hafi farið aftur inn í herbergið, hafi foreldrar ákærða verið í stofunni að horfa á sjónvarpið. Eftir að hún var komin inn til ákærða, hefði hann klætt hana úr ytri kjólnum og sagt, að hún hefði verra af, ef hún leyfði það ekki. Hafi hann sagt sér að leggjast hjá sér í rúmið og hún ekki þorað að gera annað vegna aflsmunar þeirra, og hafi hann þá lagst ofan á sig og farið að skaka sér ofan á sér. Eftir nokkra stund hafi hann rifið hana

úr sokkabuxum, sem hún var í, eða hálfpartinn slitið þær utan af henni og síðan fært hana úr nærbuxunum. Hún hafi streist á móti og haldið saman fótunum, en ákærði hótað að berja hana og bera á hana meiri þjófnað og að lokum komið lim sínum inn í kynfæri hennar og haft við hana samfarir. Telur hún, að honum hafi orðið sáðlát, meðan hann var með liminn inni í henni. Hafi ákærði spurt hana, meðan á samförunum stóð, hvort henni þætti þetta gott, og hafi hún svarað því játandi til að þóknast honum, og eins hafi hann spurt, hvort hann væri ekki æðislegur og hvort hann væri ekki stór á honum, og hafi hún svarað því öll játandi eins og áður til að þóknast honum. Hafi hún verið grátandi, meðan á samförunum stóð, en ekki þorað að veita mótspyrnu. Að lokum hafi hún náð að ýta Jónasi af sér og margbeðið um að fá að fara heim til móður sinnar, en hann sagti: „Ekki fyrr en ég er búinn.“ Hafi hann beðið sig um að hafa samfarir við sig lengur, en hún neitað. Hafi hún sagst myndu segja, að hún hefði lent í áflogum við vinkonu sína, til þess að losna frá honum. Að lokum hafi hann látið undan henni. Kveðst hún síðan hafa tekið handtösku sína og tekið þar gallabuxur, sem hún hafi haft meðferðis, og farið í nærbuxurnar, gallabuxurnar, sokka og skó og peysu, sem hún hafi einnig verið með, og sett annað í handtöskuna og hlaupið út og að næsta húsi, sem ljós hafi verið í. Hafi hún bankað þar upp á og beðið pilt, sem kom þar til dyra, að hringja á lögregluna, sem hafi komið nokkru síðar. Sokkabuxurnar hafi orðið eftir í herbergi ákærða. Þegar þetta varð, hefði hún verið búin að drekka tvo kokteila og einn bjór, og hafi hún ekki fundið til áfengisáhrifa heima hjá ákærða.

Ákærði skýrði frá því í skýrslu hjá rannsóknarlögreglu að kvöldi laugardagsins 29. desember, að hann hefði hitt stúlkuna á Gauki á Stöng. Þaðan hefðu þau farið í leigubíl og ætlað í veitingastaðinn Casablanca, en fyrst komið við heima hjá sér til þess að sækja peninga. Hefði hann gert þar upp bílinn og fengið stúlkuna með sér inn. Þá hefðu þar verið í stofunni móðir sín og maður að nafni Guðmundur, sem hún sé í tyggjum við. Þau hafi heilsað stúlkunni. Þau stúlkan hefðu svo fljótlega farið inn í herbergi hans.

Hann hefði farið að reyna við stelpuna og farið að kyssa hana og taka utan um hana, eins og gengur, og viljað fá hana til að hafa við sig samfarir. Hefði hún tekið utan um hann. Hann hefði eftir smástund farið úr öllum fötum nema nærbuxum og lagst upp í rúmið, en stúlkan hefði ekki verið tilbúin að vera með sér. Hann hefði látið stúlkuna hafa 3-4 þúsund krónur í peningum og þannig reynt að kaupa hana til að hafa við sig samfarir, en hún ekki viljað. Nokkru síðar hefði stúlkan farið út, og hefði hann þá reiðst og hlaupið út á eftir henni á nærbuxum einum fata og náð henni við endann á bílskúrum, sem standi meðfram götunni. Kvaðst hann hafa

rifið í hár stúlkunni og dregið hana langleiðina inn í húsið og slegið hana, og hafi hún öskrað hástöfum. Hefði hún einnig slegið sig í höfuðið og með einhverju, sem hann vissi ekki, hvað var. Hefðu móðir sín og Guðmundur hlotið að hafa séð og heyrt, þegar hann var í stimpingum við stúlkuna inni í íbúðinni og þegar hún sló hann í höfuðið. Móðir sín hefði spurt, hvað gengi á, og beðið þau um að hætta þessum látum. Kvaðst hann hafa spurt stúlkuna, hvar peningarnir væru, sem hún hefði tekið, og hefði hún tekið peningana úr vasa sínum og látið þá á borðið í herbergi hans. Þau stúlkan hefðu síðan farið inn í herbergi hans og hann lokað dyrunum á eftir þeim og lagst upp í rúmið og beðið hana að gera slíkt hið sama, og hefði hún gert það. Hefði hann svo lagst yfir stúlkuna og fært hana úr sokkabuxum og nærbuxum, og taldi hann, að sokkabuxurnar hefðu rifnað við það. Hefði hann farið að strjúka kynfæri stúlkunnar, sem legið hefði á bakinu, með fingrunum, en ekki farið með þá inn í kynfæri hennar, og hefði hún sjálf fært fæturna í sundur. Sér hefði risið hold og hann sett lim sinn inn í kynfæri stúlkunnar og hafið samræðishreyfingar liggjandi ofan á stúlkunni. Hefði hún ekki veitt mótspyrnu og hann því talið, að stúlkan vildi þetta, og haldið áfram samræðishreyfingunum, þar til sér hefði orðið sáðlát inn í kynfæri hennar. Að þessu loknu hefði hann lagst við hlið hennar. Eftir stutta stund hefði hann spurt, hvort hún vildi meira, en hún neitað því og ýtt honum frá sér.

Ákærði sagði, að hann hefði hvorki hótað stúlkunni á nokkurn hátt á undan samförunum né heldur á meðan á þeim stóð. Stúlkan hefði klætt sig að þeim loknum, og hefði hann kysst hana að skilnaði, áður en hún fór, og hefðu þau skilið í góðu að hans áliti.

Ákærði kvaðst vera samþykkur að greiða stúlkunni sanngjarnar bætur fyrir áverka, sem hún hefði orðið fyrir af hans völdum.

Ákærði kannaðist aðspurður við að hafa sagt, að faðir sinn væri dáinn og vinkona sín hefði dáið fyrir fimm mánuðum og hann hefði beðið hana að hjálpa sér, þar sem hann hefði ekki fengið það í fimm mánuði. Hefði hann ætlað að vekja stúlkuna til meðaumkunar. Önnur orðaskipti þeirra, sem stúlkan hermdi, kannaðist hann ekki við.

Í annarri skýrslu hjá rannsóknarlögreglu 24. september 1991 bar hann, að þau X hefðu verið inni í herberginu og eitthvað að tala saman og kyssast. Hefði hann farið úr fötunum og þau verið uppi í rúmi. Hefði hann látið hana hafa nokkur þúsund krónur. Hún hefði svo sagst þurfa aðeins að skreppa fram og hlaupið út úr húsinu. Um leið hefði hann áttað sig á því, að allir peningarnir voru horfnir. Eitthvað af þeim hefði hann geymt á borðinu og sumt í skúffu. Þegar hann hefði áttað sig á þessu, hefði hann hlaupið á nærfötunum og líklega berfættur út á eftir stúlkunni og náð henni rétt hjá bílskúrum, sem eru við enda hússins. Hefði hún slegið til sín, en

hann náð í hárið á henni og dregið hana á því inn í húsið. Hefði hún misst tösku sína við þetta. Hann hefði hvorki sparkað í stúlkuna né hrint henni utan í vegg, en kvaðst hafa slegið hana og dregið hana á hárinu. Þegar þau hefðu verið komin inn í herbergi hans og búin að sættast, hefði hún áttað sig á því, að hún hafði tapað töskunni, og farið út og sótt hana. Hann hefði ekkert fylgst með því, heldur beðið inni hjá sér á meðan.

Þegar ákærði var beðinn að skýra áverka á X, sagði hann, að glerbrot hefðu verið á gólfinu úr mynd, sem hún hefði tekið og slegið sig með í höfuðið. Gler í myndinni hefði brotnað og brotin farið í gólfið. Þau hefðu tekist eitthvað á og hún dottið í gólfið í þeim átökum. Hann hefði einnig slegið hana í andlitið og hún fengið blóðnasir. Þetta hefði allt gerst, eftir að þau hefðu haft mök. Einungis lítil átök hefðu orðið þeirra í milli áður og aðeins þarna úti. Hann hefði slegið hana eitthvað í andlitið nokkur högg og önnur, sem hefðu lent annars staðar á henni.

Þegar ákærði gaf skýrslu hér í dómi 6. þ.m., breytti hann framburði sínum. Hann skýrði svo frá, að þegar þau stúlkan hefðu hist á Gauki á Stöng, hefði hún hegðað sér mjög undarlega. Eftir að þau hefðu reynt að komast inn á öðrum veitingastað, hefðu þau tekið leigubíl og ætlað að fara í veitingastaðinn Casablanca, en fyrst hefði hann þurft að koma við heima að sækja peninga. Stúlkan hefði strax viljað koma með honum inn þar og ekki viljað bíða í bílnum á meðan. Ákærði kvaðst þá hafa borgað bilinn og billinn farið. Kvaðst ákærði hafa litið á klukkuna, og hefði hún verið rétt fyrir hálféitt, þegar þau komu heim til hans.

Eftir að inn var komið, hefðu þau stúlkan farið inn í stofu, þar sem móðir hans og sambýlismaður hennar voru. Þau hefðu sest og talað við þau góða stund og horft á sjónvarp. Kvaðst hann svo hafa farið inn í herbergi sitt og stúlkan komið á eftir sér, og hefði hún lokað dyrunum. Hefðu þau farið að tala saman og kyssast og svo farið að hafa samfarir með vilja hennar. Að samförunum loknum hefði hún sagt, að hún þyrfti að fara, og kveðst ákærði hafa sagt: „Við sjáumst svo seinna.“ Stúlkan hefði stolið peningum bæði úr skúffu og af borði. Ákærði kvaðst hafa heyrt, að hún tók peningana, og hefði hann hlaupið út á eftir henni og náð henni við bílskúrshornið, tekið í hendurnar á henni og dregið hana inn. Hann hefði svo tekið af henni peningana, en stúlkan hefði þá slegið hann með könnu í höfuðið. Kvaðst ákærði hafa vankast við það og skorist svo á fótum, að hann hefði varla getað gengið. Skömmu eftir það hefði stúlkan farið.

Ákærði gaf þá skýringu á þessum breytta framburði sínum, að rannsóknarlögreglumennirnir hefðu beitt sig þvingunum og hótað sér því að loka sig inni, ef hann skýrði ekki frá á sama veg og standi í lögregluskýrslunum. Þá hefði sér verið neitað um læknishjálp. Þegar ákærða var bent á, að innbyrðis samræmi væri á milli lögregluskýrslanna, sem þó væru

gerðar með löngu millibili, sagði hann, að hann hefði ekki verið beittur þvingunum við seinni skýrsluna.

Þegar ákærði kom hér fyrir dóm að nýju 14. þ.m., var hann spurður um það, hvar þau Guðmundur og móðir hans hefðu verið stödd, þegar átök urðu með þeim X utan dyra og inni á gangi. Kvað ákærði þau hafa verið inni í svefnherbergi, og hefðu þau kikt fram í sjónvarps-, holið“. Kvað hann skýrslu sína um þetta hjá rannsóknarlögreglu 29. desember sl. vera ranga. Þá kvað ákærði það vera rangt hjá Guðmundi, að hann hefði verið mjög ölvaður, þegar þetta var (sbr. hér á eftir). Hefði hann aðeins verið litillega undir áhrifum í þetta sinn. Hann kvað stúlkuna hafa fengið sér peningana, sem hún hefði stolið af sér, þegar þau stóðu fyrir utan herbergi hans. Hefði hann stungið peningunum í vasann. Kvaðst hann hafa verið berfættur, en klæddur í jakkaföt, þegar þetta var, og væri það rangt í skýrslum sínum hjá rannsóknarlögreglu, að hann hefði verið í nærbuxum og bol. Kvaðst hann hafa verið illa fyrir kallaður, þegar hann gaf seinni skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglu, og hefði hann því borið, að hann hefði verið í nærbuxum og bol og berfættur. Hann kvaðst hafa bæði skorist á fæti og höfði af glerbrotum á gólfi, og hefði mikið blætt úr sér.

Rannsóknarlögreglumennirnir Sigurður Benjamínsson og Eiríkur Hreinn Helgason, sem yfirheyrðu ákærða, hafa borið, að ákærði hafi engum þvingunum sætt við yfirheyrslurnar og ákærði ekki kvartað undan neinu í því sambandi. Hafi yfirheyrslurnar farið fram með eðlilegum og venjulegum hætti.

Vitnið Örn Svavarsson hefur skýrt frá því, að laust eftir kl. 3 um nóttina hafi komið heim til sín í Völvufell 14 ung stúlka, sem hann hafði ekki áður séð, og sagt, að sér hefði verið nauðgað í húsi við Unufell. Hafi hún bedið um, að hringt yrði á lögreglu fyrir sig. Stúlkan hafi verið með tösku meðferðis og verið grátandi og í geðshræringu. Hann hafi hleypt stúlkunni inn og spurt hana, hvort hún vildi ekki, að hann hringdi heim til hennar, en hún neitað því og bedið sig um að hringja í lögreglu, sem hann hefði gert, og hafi stúlkan bedið eftir lögreglunni hjá sér. Stúlkan hafi verið blóðrís á annarri eða báðum höndum. Þá hafi hún verið rauð og þrútin í andliti. Hann kvaðst hafa látið hana fá bréfpurrku og séð, að í hana kom blóð, annaðhvort úr nefi hennar eða munni. Hann hafi ekkert séð að hári stúlkunnar. Hann hafi spurt stúlkuna um, hvað gerst hefði, meðan þau hafi bedið eftir lögreglu, og hún sagst hafa hitt þann, sem nauðgaði henni, á eða við einhvern skemmtistað og hún farið með honum heim að sækja bjór. Hún hefði þá farið með manninum inn. Hún hefði komist út úr herbergi frá manninum og til foreldra hans, sem hefðu verið heima. Þá hafi hún sagt, að maðurinn hefði togað í hár sér, dregið sig til baka og slegið og komið fram vilja sínum við sig. Hafi stúlkan brostið í grát aftur og aftur, meðan hún sagði frá.

Hann kveðst ekki átta sig á því, hvort stúlkan hafi verið undir áhrifum áfengis, en hún hafi ekki borið það með sér.

Móðir ákærða, Elín Áróra Jónsdóttir, skýrði frá því hjá rannsóknarlög-reglu 29. desember sl., að á að giska 30-45 mínútum eftir miðnætti hefði ákærði komið heim með stúlkuna og boðið henni upp á bjór, sem hann átti, og hefðu hún þegið það. Sjálf kvaðst hún hafa setið yfir kaffibolla ásamt Guðmundi, vini sínum. Vel hafi farið á með ákærða og stúlkunni, og hefðu bæði verið undir áhrifum áfengis. Þau Jónas og stúlkan hefðu síðan farið inn í herbergi hans, sem gengið er inn í úr „holinu“, þar sem þau Guðmundur sátu yfir sjónvarpinu. Hefðu þau tekið með sér björglösin, sem þau voru að drekka úr, og Jónas lokað á eftir þeim. Ekki sé hægt að læsa dyrunum að herbergi hans. Þau Guðmundur hefðu horft á sjónvarpið, þar til kvikmyndin var búin, þ.e. fyrri myndin af þeim tveimur, sem boðið var upp á, og þá farið að háttá. Ekki hefði hún heyrt neinn hávaða frá herberginu. Eftir að hún var háttuð og lögst til svefnis, hefðu þau Guðmundur heyrt hávaða framan úr íbúðinni. Hefði hún opnað svefnherbergisdyrnar og séð Jónas, þar sem hann stóð í herbergisdyrum sínum og stúlkan fyrir framan hann. Hefði Jónas verið að krefja stúlkuna um peninga, sem hún hefði stolið frá honum. Hefði hún séð, að stúlkan dró eitthvað úr hægri kápu- eða jakkavasa sínum og rétti Jónasi. Hún hefði ekki séð stúlkuna vel, sökum þess að rökkvað var í herberginu, og geti ekki sagt, hvort hún hefði verið slösuð eða fót hennar í oreiðu. Jónas hefði hún ekki séð nema að litlu leyti, þar sem stúlkan skyggði á hann. Hún kvaðst hafa spurt ákærða, hvað gengi á, en ekki fengið svar við því. Hefði hún þá lokað svefnherbergisdyrnum. Skömmu eftir þetta hefði útidyrhurdinni verið skellt aftur og hún álitíð, að stúlkan væri farin, enda hefði hún heyrt einhvern ganga út. Hún hefði sofnað eftir þetta og ekki vitað af neinu fyrir en um morguninn, að hún hefði frétt hjá Guðmundi, að Jónas hefði verið leiddur brott af lögreglu.

Vitnið var yfirheyrt að nýju hjá rannsóknarlög-reglu 3. janúar 1991. Kvað hún það alrangt hjá X, að X hefði gripið utan um sig og beðið þau Guðmund um hjálp. Eins væri það rangt, að hún hefði sagt stúlkunni að þurrka framan úr sér blóð. Hið eina, sem hún hefði heyrt, hefði verið hávaði. Hefði hún farið fram úr rúminu og opnað dyrnar á svefnherberginu og gægst fram. Hefði Jónas verið að krefja stúlkuna um peninga, sem hún hefði stolið af honum, og hefði stúlkan látið hann hafa peninga. Kvaðst hún svo hafa lokað svefnherbergisdyrnum og ekki orðið vör við neinn hávaða eftir það, nema útidyrnum hefði verið lokað nokkru síðar, og taldi hún þá, að stúlkan væri farin. Hún hefði ekki heyrt nein öskur í stúlkunni, og hefði hún örugglega farið fram, ef svo hefði verið. Þá hefði hún ekki orðið vör við nein átök milli Jónasar og stúlkunnar. Hún hefði þó heyrt brothljóð, en ekkert aðgætt það frekar og talið, að þau hefðu misst glas í gólfíð.

Vitnið hefur komið fyrir dóm og borið á sama veg.

Guðmundur Guðjónsson, sem nefndur var, skýrði frá því hjá rannsóknar-lögreglu 29. desember sl., að þau Elín hefðu setið við sjónvarpið, þegar Jónas kom heim og með honum einhver stúlka. Hefðu þau bæði verið undir áhrifum áfengis, Jónas og stúlkan. Hefðu þau sest í sófann hjá þeim Elínu, og hefði Jónas sótt bjór handa sér og stúlkunni. Eftir einhverja stund hefðu þau tvö farið inn í herbergi Jónasar, og taldi hann, að klukkan hefði þá verið um hálf-tvö. Þau Elín hefðu horft til enda á bíómynd, sem var í sjónvarpinu, og síðan farið inn í svefnherbergi Elínar. Eftir að þau voru háttuð, hefði hann heyrt einhver læti frammi í „holi“ íbúðarinnar, og hefðu þau Elín litið fram. Hefði Jónas staðið litið klæddur inni í herbergi sínu, en stúlkan staðið fyrir framan dyrnar hjá honum, fullklædd. Kvaðst hann halda, að Jónas hefði verið á nærbuxum einum fata. Hefði Jónas verið að krefja stúlkuna um einhverja peninga, sem hann hefði sagt, að hún hefði stolið frá sér. Kvaðst vitnið ekki vita, um hve mikla peninga hefði verið að ræða. Stúlkan hefði tekið einhverja peninga úr jakkavasa sínum og rétt Jónasi. Eftir þetta hefðu þau Elín farið upp í rúm án þess að heyra meira í Jónasi og stúlkunni. Hefði hann heyrt hurðarskell eftir þetta og álitnið, að stúlkan væri að fara. Hann kvaðst giska á, að klukkan hefði þá verið um hálf fjögur til fjögur. Hið næsta, sem hann hefði vitað, hefði verið það, að lögreglumenn hefðu verið að sækja Jónas um fimmleytið. Hann hefði ekki fengið nein svör við því, hvers vegna þeir væru að fara með Jónas.

Vitnið gaf aðra skýrslu 8. janúar 1991. Hann kvaðst þá ekki kannast við að hafa orðið var við, að stúlkan hefði hlaupið út og að ákærði hefði hlaupið á eftir henni og dregið hana á hárinu inn í húsið aftur, eftir að hún hefði öskrað á hjálp. Hefði hann ekki heldur orðið vitni að neinum átökum milli Jónasar og stúlkunnar og því síður, að stúlkan hefði beðið sig að hjálpa sér. Þá kvað vitnið það vera rangt hjá Jónasi, að hann hefði dregið stúlkuna inn á gang á hárinu, og eins, að þau Elín hefðu hlotið að hafa heyrt og séð stimpingar milli hans og stúlkunnar og þegar stúlkan sló hann í höfuðið með bjórkönnu. Eins væri rangt hjá Jónasi, að þau Elín hefðu verið stödd í stofunni og að Elín hefði spurt, hvað gengi á, og beðið þau að hætta þessum látum. Kvað vitnið Jónas hafa verið mjög ölvaðan, og hefði hann ekki munað eftir því síðar að hafa sótt bjór handa sér og stúlkunni.

Vitnið hefur komið fyrir dóm og skýrt frá á sama veg.

#### *Niðurstaða.*

Ákærði hefur verið óstöðugur í skýrslum sínum, sem hver um sig er ótrúverðug. Frásögn X er á hinn bóginn í fjölmörgum atriðum studd rannsókn á vettvangi og á fatnaði stúlkunnar og líkama. Þá nýtur hún stuðnings af vætti Sveins Erlendssonar lögregluþjóns og Arnar Svavarssonar. Vætti

þeirra Elínar Áróru Jónsdóttur og Guðmundar Guðjónssonar rekst í verulegum atriðum bæði á skýrslur ákærða og stúlkunnar, og geta þau ekki talist vera óvilhöll og trúverðug. Að öllu þessu athuguðu þykir verða að treysta framburði stúlkunnar og telja sannað, að ákærði hafi með ofbeldi og ógnunum þröngvað henni til holdlegs samræðis. Hefur ákærði með því orðið sekur um brot gegn 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

Af hálfu stúlkunnar hefur þess verið krafist, að ákærði verði dæmdur til þess að greiða henni 1.500.000 krónur í miskabætur ásamt vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25, 1987, sbr. lög nr. 67, 1989. Þykir miski X vera hæfilega metinn til bóta 500.000 krónur, og ber að dæma ákærða til þess að greiða henni þá fjárhæð ásamt almennum útlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 29. desember 1990 að telja til greiðsludags.

*Viðurlög, sakarkostnaður.*

Ákærði hlaut skilorðsbundna ákærufrestun fyrir þjófnað árið 1983. Þá var hann sektaður sama ár fyrir brot gegn 157. gr. almennra hegningarlaga. Loks hefur honum verið refsað þrisvar fyrir ölvun við akstur, síðast í maí í fyrra. Þykir refsing ákærða vera hæfilega ákveðin fangelsi í 18 mánuði.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með taldar 55.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs og 55.000 krónur í málsvarnarlaun til Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Jónas Jónasson, sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði greiði X 500.000 krónur í miskabætur ásamt almennum útlánsvöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga frá 29. desember 1990 að telja til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með taldar 55.000 krónur í saksóknarlaun til ríkissjóðs, og 55.000 krónur í málsvarnarlaun til Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns.